



Blaðsíða 2

**Kjaraviðræður að
hefst**

Blaðsíða 4

**Félagsmenn
heiðraðir**

Blaðsíða 8

**Hetjur hafsins
heiðraðar**



Forsíða

Formaður Framsýnar leit við hjá Jónasi A. Sævarssyni starfsmanni SAH bretta á Húsavík. Óhætt er að segja að þar hafi ekki verið töluð vitleysan. Reyndar eru nafnarnir þekktir fyrir að hafa skoðanir á flestum ef ekki öllum málefnum milli himins og jarðar, sem þykja ekki alltaf gáfulegar.

ÚTGEFENDUR

Pingið, félag iðnaðarmanna
Starfsmannafélag Húsavíkur
Framsýn- stéttarfélag

HEIMILISFANG

Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík

SÍMI

464 6600

NETFANG

kuti@framsyn.is

HEIMASÍÐA

www.framsyn.is

ÁBYRGÐARMAÐUR

Aðalsteinn Á Baldursson

Yfirlestur og ráðgjöf

Ósk Helgadóttir

Fréttabréfið er skrifað 18. júlí 2022

UPPLAG

1800

PRENTUN

Héraðsprint



STARFSMAANAFÉLAG
HÚSAVÍKUR

Gengið frá stofnanaþingunni við Skógræktina

Í byrjun júní gengu fulltrúar Starfsgreinasambands Íslands og Skógræktarinnar frá nýjum stofnanaþingunni sem byggir á gildandi kjarasamningi aðila frá 1. apríl 2019. Formenn Afls, starfsgreinafélags og Framsýnar stéttarfélags fóru fyrir samningnum fh. aðildarfélagi SGS. Nokkrar breytingar voru gerðar á samningnum auk þess sem öllum starfsmönnum var varpað inn í nýja launatöflu sem tók gildi á samningstímanum. Nýi stofnanaþingunni er þegar kominn inn á heimasíðu stéttarfélaganna; framsyn.is



Kjaraviðræður SA og SGS hefjast í ágúst

Viðræðunefnd Starfsgreinasambands Íslands afhenti nýlega fulltrúum Samtaka atvinnulífsins kröfugerð SGS vegna kjarasamninga á almennum markaði, sem verða lausir 1. nóvember næstkomandi. Á fundinum var rætt um fyrirkomulag komandi viðræðna og þau úrlausnarefni sem liggja fyrir samningsaðilum. Gert er ráð fyrir að formlegar viðræður hefjist um miðjan ágúst og voru aðilar sammála um að ganga skipulega til verks. Hér að neðan eru nokkur meginatriði úr kröfugerð sambandsins.

Kröfugerð Starfsgreinasambands Íslands byggir á grunni kjarasamnings SGS og SA sem tók gildi 1. apríl 2019. Kröfugerðin byggir á kröfugerðum 17 af aðildarfélögum SGS, sem samþykktar voru á félagslegum vettvangi eftir vandaða vinnu einstakra félaga. Löggð er áhersla á áframhaldandi hækkun lægstu launa og að tryggja kaupmátt launafólks. Krónutöluhækkunar á laun, eins og samið var um í núgildandi kjarasamningi, skila launafólki mestum árangri og er það krafa SGS að samið verði um krónutöluhækkunar á kaupmátt í komandi kjarasamningum. Við gerð síðustu kjarasamninga var horft til þess að samningarnir leiddu af sér lækkun vaxta. Seðlabankinn hefur nú í þrígang hækkad stýrivexti og Landsbankinn spáir því að þeir verði komnir í 4,25% árið 2023, eða á sama stað og þeir voru við gerð Lífskjarasamningsins vorið 2019. SGS mun ekki una því að vaxandi verðbólgu vegna aðgerðaleyfis stjórnvalda í húsnæðismálum, og erlendra hækkana verði sett á herðar okkar félagsmanna. Samtök verkafólks sömdu um það í síðustu samningum að auka ráðstöfunartekjur félagsmanna með heildstæðum hætti, með krónutöluhækkunum, vaxtalækkunum og aðgerðum af hálfu stjórnvalda. Aðstæður þær sem nú eru í samfélaginu og efnahagssumhverfinu kalla á svipaða aðferðafræði og víðtækt samstarf og samráð til að bregðast við miklum vanda á húsnæðismarkaði, tryggja kaupmátt og öfluga grunnþjónustu um land allt. Nú eru uppi þær aðstæður í samfélaginu að aðkoma stjórnvalda að kjarasamningum mun skipta miklu máli við gerð þeirra. Stóraukin verðbólga, miklar verðhækkunar og mikill vandi á húsnæðismarkaði kalla á að stjórnvöld og SA taki höndum saman við samtök launafólks til að tryggja kaupmátt, húsnæði fyrir alla og öfluga grunnþjónustu um land allt. Tímalengd samningsins mun ráðist af þeim aðstæðum sem verða í efnahagslífi í haust og innihaldi samningsins. Framsýn er aðili að kröfugerð SGS og mun taka virkan þátt í kjaraviðræðunum þegar þær hefjast í ágúst.

Vinnumiðlun í boði – hefur þú skoðað Starfatorg á Framsýn.is?

Aðhald í rekstri forsendan fyrir góðri þjónustu og stuðningi við félagsmenn

Rekstur og starfsemi Framsýnar hefur vakið mikla athygli á landsvísi, aðhald í rekstri tryggir félagsmönnum frábæra þjónustu og betri styrki úr sjóðum félagsins en almennt gerist hjá sambærilegum félögum og rúmlega það. Þá er skrifstofa félagsins opin alla virka daga í 8 tíma eða lengur en flestar ef ekki allar skrifstofur annara stéttarféлага.

Á aðalfundi félagsins sem haldinn var 15. júní kom fram að fjárhagsleg afkoma félagsins var góð á árinu 2021 og félagsmönnum heldur áfram að fjölga milli ára enda eftirsóknarvert að vera félagsmaður í Framsýn.

Rekstrarafgangur var af öllum sjóðum félagsins. Rekstrar-tekjur félagsins námu kr. 288 milljónum sem er hækkun um 13% milli ára. Þessi hækkun skýrist fyrst og fremst af hærri iðgjaldatekjum. Félagsgjöld og iðgjöld námu kr. 241 milljónum 2021 á móti kr. 215 milljónum á árinu 2020 sem er hækkun upp á um 12%. Rekstrarútgjöld lækkuðu um 7% á milli ára en þau námu kr. 185 milljónum 2022. Þessi lækkun er einkum tilkomin vegna greiðslna úr sjúkrasjóði sem eru stærsti einstaki útgjaldaliður Framsýnar fyrir utan laun og launatengd gjöld. Greiðslur úr sjúkrasjóði lækkuðu um 7 milljónir samanborið við árið 2020.

Rekstur skrifstofunnar gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Framsýnar í rekstrarkostnaði nam kr. 48 milljónum. Þingið og Starfsmannafélag Húsavíkur greiddu saman tæpar kr. 6 milljónir til rekstursins.

Fjármagnstekjur námu kr. 71 milljón en voru 62 milljónir á síðasta ári. Í árslok 2021 var tekjuafgangur félagsins kr. 167 milljónir en var kr. 112 milljónir árið 2020. Heildar- eignir félagsins námu kr. 2.434 milljónum í árslok 2021 samanborið við kr. 2.269 milljónir í árslok 2020. Það er full ástæða til að óska félagsmönnum Framsýnar með glæsilegan rekstur á árinu 2021. Vilji stjórnar Framsýnar er að feta þennan veg áfram í þágu félagsmanna.

Norðurþing toppar PCC

Alls greiddu 2.731 félagsmenn til Framsýnar stéttarfélags á árinu 2021 en greiðandi félagar voru 2.644 árið 2020. Greiðandi félagsmönnum Framsýnar fjölgaði því aðeins milli ára sem staðfestir að ástandið er að lagast eftir heimsfaraldurinn. Án efa mun félagsmönnum fjölga hratt á komandi árum eftir að atvinnulífið hefur náð sér eftir afleiðingar faraldursins.

Af þeim sem greiddu félagsgjald til Framsýnar á síðasta ári voru 1.601 karlar og 1.130 konur sem skiptast þannig, konur eru 41% og karlar 59% félagsmanna. Fjölmennustu hóparnir innan Framsýnar starfa við matvælaframleiðslu, ferðaþjónustu, almenn verslunarstörf, iðnað og hjá ríki og sveitarfélögum. Félagsmenn Framsýnar stéttarfélags voru samtals 3.004 þann 31. desember 2021, það er með gjaldfrjálsum félagsmönnum.

Stærstu greiðendur iðgjalda til Framsýnar 2021 eftir röð:

Sveitarfélagið Norðurþing
PCC BakkiSilicon hf.
GPG. Seafood ehf.
Norðlenska matarborðið ehf.
Hvammur, heimili aldraðra
Þingeyjarsveit
Ríkissjóður Íslands
Íslandshótel hf.
Samherji fiskeldi ehf.
Atvinnuleysistryggingasjóður

Sveitarfélagið Norðurþing greiddi mest allra atvinnurekenda í iðgjöld til Framsýnar árið 2021 eða samtals um kr. 25,7 milljónir. Árið 2020 greiddi PCC mest allra fyrirtækja eða um 17,3 milljónir. Innfalið í upphæðinni eru félagsgjöld starfsmanna sem þeir greiða sjálfir og lögbundin iðgjöld atvinnurekenda í sjóði Framsýnar og í starfsmenntasjóði atvinnulífsins. Ánægjulegt er að sjá að Atvinnuleysistryggingasjóður fellur niður listann, fer úr öðru sætinu í það tíunda. Því er spáð að Atvinnuleysistryggingasjóður falli enn frekar á næstu árum sem eru mikil gleðitíðindi gangi það eftir. Fall Atvinnuleysistryggingasjóðs í greiðslum til félagsins er ávísun á betra atvinnuástand sem ber að fagna sérstaklega. Þá ber þess að geta að PCC var ekki í fullum rekstri á árinu 2021. Flest bendir til þess að fyrirtækið fari upp fyrir Norðurþing á árinu 2022 enda fyrirtækið komið í fullan gang.



305 félagsmenn fengu 22 milljónir í fræðslustyrki

Framsýn er mjög umhugað um starfsmenntun félagsmanna. Á árinu 2021 fengu 305 félagsmenn greiddar kr. 21.959.258,- einstaklingsstyrki frá fræðslusjóðum í endurgreiðslur vegna náms eða námskeiða. Sambærileg tala fyrir árið 2020 var kr. 19.583.452,-. Í heildina voru 6 styrkir greiddir úr Fræðslusjóði Framsýnar á árinu 2021, samtals kr. 467.625,-. Samtals fengu félagsmenn því greiddar kr. 21.959.258,- í námsstyrki á árinu 2021.

Fræðslusjóðirnir eru fjármagnaðir með framlögum frá fyrir-

tækjum, sveitarfélögum og ríkisstofnunum sbr. ákvæði þar um í kjarasamningum. Almennir félagsmenn eiga rétt á kr. 130.000,- námsstyrk á ári í gegnum kjarasamningsbundna fræðslusjóði. Noti félagsmenn ekki árlegan kjarasamningsbundinn rétt í þrjú ár þrefaldast rétturinn í kr. 390.000,-.

Að sjálfsögðu toppar Framsýn allt þar sem félagið greiðir félagsmönnum til viðbótar kr. 100.000,- úr eigin sjóði. Það gerist ekki betra hjá öðrum félögum, svo einfalt er það. Eða eins og námsmaðurinn sagði, það er einfaldlega best að vera í Framsýn!

60 milljónir í sjúkrastyrki

Á árinu 2021 voru 1.226 styrkir greiddir til félagsmanna Framsýnar úr sjúkrasjóði félagsins en voru 1.085 árið 2020. Samtals námu greiðslur til félagsmanna vegna sjúkradagpeninga, annara veikinda greiðslna og bóta og styrkja kr. 59.943.190,-. Fyrir liggur að Framsýn er í fremstu röð stéttarféлага á Íslandi að standa vörð um hagsmuni félagsmanna er viðkemur veikindum þeirra og tekjutapi.

Þrjú félagsmenn heiðraðir

Á aðalfundi Framsýnar voru þrjú félagsmenn heiðraðir fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Samkvæmt lögum félagsins er heimilt að velja heiðursfélaga og/eða sæma menn sérstaklega gullmerki félagsins. Sá siður að veita sérstakt gullmerki fyrir vel unnin störf hefur ekki verið viðhafður innan Framsýnar, en nokkrir einstaklingar hafa í gegnum tíðina verið gerðir að sérstökum heiðursfélögum. Þeir síðustu voru Helgi Bjarnason, Kristján Ásgeirsson og Kristbjörg Sigurðardóttir sem öll voru gerð af heiðursfélögum í Verkalýðsfélagi Húsavíkur/Framsýn stéttarfélagi.

Gullmerki Framsýnar er unnið af Kristínu Petru Guðmundsdóttur gullsmíð. Það er gert eftir upprunalegu merki félagsins, sem hannað var af grafískum hönnuði, Bjarka Lúðvíkssyni, og tekið upp við sameiningu Verkalýðsfélags Húsavíkur og nágrennis og Verslunarmannafélags Húsavíkur undir nafninu Framsýn stéttarfélag árið 2008. Í máli formanns Framsýnar, Aðalsteins Árna, kom fram þegar hann talaði til þessara þriggja félagsmanna að það væri ekkert launungarmál að árangur félagsins og vinsældir væru ekki síst fólgin í fólkinu sem myndar félagið á hverjum tíma. Þátttaka launafólks í stéttarfélögum byggir upp sterk og öflug félög og það er ávinningur allra launamanna að vera í stéttarfélagi sem stendur vörð um hagsmuni félagsmanna. Það væri hins vegar ekki sjálfgefið að fólk fengist til að sinna trúnaðarstörfum innan hreyfingarinnar, allra síst nú á dögum þegar þátttaka fólks í félagsstörfum almennt virtist fara þverrandi. Það væri einkar ánægjulegt fyrir félagið að geta gefið til baka og sýnt því góða fólki sem starfað hefur lengi af óeigingirni og trúmennsku örlítinn þakkætisvott fyrir hið mikla starf sem þau hafa innt af hendi í okkar þágu. Á komandi árum munum við án efa veita fleiri slíkar viðurkenningar fólki sem starfað hefur af heilindum fyrir félagið okkar til lengri tíma

sagði Aðalsteinn Árni um leið og hann kallaði þau Írmy Dómhildi Antonsdóttur, Jakob Gunnar Hjaltalín og Jónínu Hermannsdóttur upp til að taka við gullmerki félagsins en þau hafa öll starfað um áratugaskeið fyrir félagið og sinnt ýmsum trúnaðarstörfum af mikilli trúmennsku.

Jakob Gunnar Hjaltalín:

Jakob hefur að baki langan og farsælan sjómansferil. Hann fór ungur á sjóinn og allt til ársins 2004 gegndi hann ýmsum störfum um borð í bátum og togurum af öllum stærðum og gerðum, var háseti, neta- maður, bátsmaður og matráður ef svo bar undir. Jakob hefur alla tíð látið sig málefni sjómanna varða. Það er sem trúnaðarmaður um borð í togurum, þá hefur hann gengt stjórnunarstörfum í Framsýn til fjölda ára, trúnaðarstörfum fyrir Sjómannasamband Íslands og setið í stjórn Sjómannadeildar Framsýnar, áður Verkalýðsfélags Húsavíkur í rúmlega þrjú áratugi. Jakob hefur verið formaður deildarinnar í 33 ár, en hann tók við formennsku af Aðalsteini Ólafssyni á aðalfundi deildarinnar í desember 1989. Þá hefur hann verið gjaldkeri stjórnar Framsýnar til margra ára. Síðustu árin á vinnumarkaði starfaði hann hjá Olís á Húsavík og hjá Samherja á Laugum þar sem rekin er fiskþurrkun. Jakob hefur í gegnum tíðina verið einstaklega góður félagi og tekið upp málstað sjómanna og félagsins hafi þess þurft með. Þá var hann heiðraður á Sjómannadaginn 2019 fyrir störf sín sem sjómaður. Jakob hafðu kærar þakkir fyrir framlag þitt til félagsins frá fyrstu tíð.



Jónína Hermannsdóttir

Jónína er orðin hluti af inn- réttunum á Skrifstofu stéttarfélaganna enda búinað starfa hjá stéttarfélagunum frá 18. júní 1996 eða í um 26 ár um þessar mundir. Áður starfaði hún við fiskvinnslu og umönnun. Það segir



eitthvað um Nínu að hún hafi náð þessum langa starfsaldri á mjög svo krefjandi vinnustað þar sem álagið er mikið flesta daga. Jónína hefur um árabíl verið trúnaðarmaður starfsmanna á Skrifstofu stéttarfélaganna auk þess að hafa setið í stjórn Deildar verslunar- og skrifstofufólks innan Framsýnar, meðal annars sem formaður deildarinnar. Þá sat hún um tíma í stjórn Lsj. Stapa fyrir hönd sjóðfélaga í Þingeyjarsýslum. Hún hefur auk þess ávallt verið reiðubúin að taka þátt í fundum, ráðstefnum og þingum sem henni hefur staðið til boða að sækja á hverjum tíma. Hlutverk Jónínu hjá stéttarfélagunum hefur verið að sjá sérstaklega um skráningu iðgjalda, innheimtu og umsjón með útgreiðslum úr sjúkra- og starfsmenntasjóðum sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn sem og fyrir

önnur stéttarfélag sem eiga aðild að Skrifstofu stéttarfélaganna. Jónína hafðu kærar þakkir fyrir framlag þitt í þágu stéttarfélaganna frá árinu 1996 til dagsins í dag. Vonandi fá stéttarfélagin tækifæri til að njóta krafta þinna áfram næstu árin, í það minnsta til sjötugs.

Irmý Dómhildur Antonsdóttir

Dómhildur er einn af þeim félagsmönnum sem eftirsóknarvert er að starfa með, enda var snemma leitað til hennar um að taka að sér krefjandi störf fyrir stéttarfélagin. Vorið 1979 var hún kjörin formaður Verslunarmannafélags Húsavíkur sem hún gegndi í nokkur ár. Síðan þá hefur hún verið viðloðandi starf stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum fram til dagsins í dag, en hún sat sinn síðasta stjórnarfund í Sjúkrasjóði Framsýnar í lok síðasta mánaðar þar sem hún hefur verið stjórnarmaður til margra ára. Hvað stjórn sjúkrasjóðsins varðar er á hverjum tíma afar mikilvægt að hafa traust og gott fólk í stjórninni enda þarf hún í hverjum mánuði að fjalla um mjög svo viðkvæm mál. Á síðasta ári var úthlutað tæplega 60 milljónum úr sjóðnum til 1.226 félagsmanna. Dómhildur hefur í gegnum tíðina tekið að sér að sitja í stjórn, varastjórn, trúnaðarráði auk þess að taka að sér önnur trúnaðarstörf fyrir félagin sem reglulega hafa skipt um nöfn vegna sameiningar stéttarféлага á svæðinu. Dómhildur hefur gengt mismunandi störfum á vinnumarkaði á sínum langa starfsferli s.s. við skrifstofustörf, húsavörslu, fiskvinnslu, ræstingar og þá starfaði hún sem skólalíði í Borgarhóllsskóla á Húsavík. Dómhildur hafðu kærar þakkir fyrir framlag þitt í þágu stéttarfélaganna frá fyrstu tíð.



Framsýn hækkar styrki til félagsmanna

Vegna góðrar afkomu Framsýnar og aðhalds í rekstri var samþykkt samhljóða að hækka eftirfarandi bótaflokka í starfsreglum sjúkrasjóðs félagsins frá og með 1. júlí 2022 fyrir félagsmenn á vinnumarkaði sem eru greiðendur til félagsins á hverjum tíma. Núverandi úthlutunareglur verða þær sömu en hlutfall endurgreiðslna úr sjúkrasjóði tekur svohljóðandi breytingum:

- Heimilt verður að endurgreiða félagsmönnum sem fara í sjúkranudd allt að kr. 3.500,- fyrir hvern tíma í stað kr. 2.500,-. Þó aldrei fleiri en 24 tíma á hverju almanaksári.
- Heimilt verður að endurgreiða félagsmönnum sem fara í meðferð hjá kiropraktorum allt að kr. 3.500,- fyrir hvern tíma í stað kr. 2.500,-. Þó aldrei fleiri en 24 tíma á hverju almanaksári.
- Heimilt verður að endurgreiða félagsmönnum sem fara í heilsunudd hjá viðurkenndum heilsunuddara allt að kr. 3.500,- fyrir hvern tíma í stað kr. 2.200,-. Þó aldrei fleiri en 24 tíma á hverju almanaksári.
- Heimilt verður að endurgreiða félagsmönnum sem fara

í nálastungumeðferð hjá viðurkenndum aðilum allt að kr. 3.500,- fyrir hvern tíma í stað kr. 2.200,-. Þó aldrei fleiri en 24 tíma á hverju almanaksári.

- Heimilt verður að endurgreiða þeim sem dvelja á Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði eða sambærilegri stofnun allt að kr. 110.000,- vegna dvalar á heilsustofnunum í stað kr. 70.000,-.
- Aðstandendur félagsmanna sem eru á vinnumarki og voru fullgildir við andlát skulu eiga rétt á útfararstyrk frá sjóðnum allt að kr. 445.000,- í stað kr. 360.000,-.
- Við andlát félagsmanns, sem ekki er á vinnumarkaði en var félagi við starfslok eiga aðstandendur hans rétt á endurgreiðslu allt að kr. 130.000,- vegna útfararkostnaðar í stað kr. 110.000,-. Með starfslokum er átt við að sjóðfélagar láti af stöfum vegna aldurs eftir 60 ára aldur í stað 67 ára aldurs eða viðkomandi félagsmaður hafi látið af stöfum vegna örorku.
- Endurgreiðslur vegna krabbameinsleitar svo sem í ristli og/eða blöðruhálsi verði að hámarki kr. 40.000,- í stað kr. 30.000,-.
- Endurgreiðslur til félagsmanna vegna heilsueflingar verði kr. 35.000,- í stað kr. 30.000,-.
- Félagsmaður sem fer í meðferð hjá sálfræðingi skal eiga rétt á 50% endurgreiðslu frá sjóðnum per skipti. Eldri regla hefur miðast við kr. 7.000,- í endurgreiðslu per tíma. Um er að ræða verulega hækkun til félagsmanna.
- Félagsmaður sem fer í meðferð hjá fjölskylduráðgjafa skal eiga rétt á 50% endurgreiðslu frá sjóðnum per skipti. Eldri regla hefur miðast við kr. 7.000,- í endurgreiðslu per tíma. Um er að ræða verulega hækkun til félagsmanna.
- Félagsmaður sem fer í meðferð hjá geðlækni/geðhjúkrunarfræðingi skal eiga rétt á 50% endurgreiðslu frá sjóðnum per skipti. Eldri regla hefur miðast við kr. 7.000,- í endurgreiðslu per skipti. Um er að ræða verulega hækkun til félagsmanna.



Þess ber að geta að á aðalfundi Þingiðnar var samþykkt að gera sambærilegar breytingar á reglugerð sjúkrasjóðs félagsins og gerðar voru á reglugerð sjúkrasjóðs Framsýnar. Breytingarnar sem eru tíundaðar í þessari frétt eiga því einnig við um félagsmenn Þingiðnar.

Réttindi við starfslok

Á aðalfundi Framsýnar voru réttindi eldri félagsmanna og þeirra sem hverfa þurfa út af vinnumarkaði vegna örorku eða annarra veikinda til umfjöllunar. Eftir góðar umræður var samþykkt að félagsmenn sem hætta á vinnumarkaði við 60 ára aldur eða vegna örorku haldi réttindum sínum í félaginu miðað við lög og reglugerðir sjóða á hverjum tíma enda hafi þeir verið greiðendur til félagsins við starfslok. Réttur þessi hefur fram að þessu miðaðist við 67 ára aldur en samþykkt var að færa hann niður í 60 ára aldur. Félagslögum Framsýnar hefur verið breytt í þessa veru. Um er að ræða verulega réttarbót fyrir viðkomandi aldurshóp þar sem sífellt fleiri félagsmenn hefja töku lífeyris mun fyrir en áður þekktist eða við 67 ára aldur. Forsendan er að viðkomandi félagsmaður hafi verið fullgildur félagsmaður í fimm ár fyrir starfslok á vinnumarkaði. Fimm samfelld ár teljast greidd þegar iðgjöldum hefur verið skilað fyrir a.m.k. 50 mánuði á fimm ára tímabili. Tekið er tillit til þess, hafi menn verið frá vinnu vegna eigin veikinda á tímabilinu umfram kjarasamningsbundinn veikindarétt.



• Almenn þjónusta:

Félagsmenn sem láta af störfum á vinnumarkaði eigi áfram rétt á almennri þjónustu hjá félaginu sem fellur undir starfsemi stéttarféлага og lífeyrissjóða út æviskeiðið.

• Námsstyrkir til eldri félagsmanna:

Eldri félagsmenn halda rétti sínum til námsstyrkja í allt að 24 mánuði frá því þeir hættu að vinna. Samþykkt þessi tekur mið af starfsreglum þeirra fræðslusjóða sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn í gegnum kjarasamninga.

• Námsstyrkir vegna skertrar starfsorku:

Sá sem hverfa þarf tímabundið af vinnumarkaði af ástæðum sem valda því að ekki ber að skila tryggingargjaldi af launum hans, heldur í allt að tuttugu og fjóra mánuði þeim rétti til starfsmenntunarstyrks úr fræðslusjóði sem hann hafði áunnið sér sbr. ákvæði kjarasamninga. Að tuttugu og fjórum mánuðum liðnum, frá því hann hvarf af vinnumarkaði, fellur réttur hans að fullu niður. Samþykkt þessi tekur mið af starfsreglum þeirra fræðslusjóða sem Framsýn á aðild að fyrir sína félagsmenn í gegnum kjarasamninga.

• Orlofshús og íbúðir:

Félagsmenn sem láta af störfum á vinnumarkaði halda

réttindum sínum varðandi aðgengi að orlofshúsum og íbúðum á vegum félagsins til jafns við aðra félagsmenn sem eru á vinnumarkaði á hverjum tíma út æviskeiðið. Sama á við um tjaldstæðisstyrki.

• Flug og aðrir orlofskostir:

Félagsmenn sem láta af störfum á vinnumarkaði hafa rétt til að kaupa sér flugmiða, Húsavík-Reykjavík, í gegnum félagið á sömu kjörum og fullgildir greiðandi félagsmenn á vinnumarkaði út æviskeiðið. Þá eiga þeir sömuleiðis rétt á sömu kjörum og fullgildir greiðandi félagsmenn hvað varðar aðra orlofskosti sem tilgreindir eru á orlofsvef félagsins á hverjum tíma. Það á einnig við um orlofsferðir sem félagið stendur fyrir og kaup á Veiðikortinu og Útilegukortinu á sérkjörum hjá félaginu. Þessi réttur gildir út æviskeiðið.

• Réttindi úr sjúkrasjóði:

Þrátt fyrir að almenna reglan sé sú að við starfslok missi menn réttindi úr sjúkrasjóðum stéttarféлага eða í síðasta lagi eftir 6 til 12 mánuði frá starfslokum haldi félagsmenn Framsýnar fullum réttindum í 5 ár frá starfslokum. Þannig vill félagið gera betur en almennt þekkt meðal stéttarféлага á Íslandi. Reyndar hefur þessi regla verið opnari hjá félaginu en verður nú miðuð við 5 ár frá starfslokum. Miðað er við að viðkomandi félagsmaður hafi verið greiðandi til félagsins að lágmarki í 5 ár fyrir starfslok, ef ekki helst rétturinn áfram í 12 mánuði frá starfslokum samkvæmt gildandi reglugerð sjúkrasjóðs félagsins. Ákveðnar reglur þurfa að gilda hvað varðar útgreiðslur úr sjóðnum þar sem greiðslur inn í sjóðinn koma frá atvinnurekendum í gegnum kjarasamninga. Félagsmenn greiða ekki sjálfir framlög í sjóðinn.

• Útfararstyrkur:

Aðstandendur félagsmanna sem falla frá geta sótt um útfararstyrk hafi félagsmaðurinn verið greiðandi til félagsins síðustu fimm árin fyrir fráfall. Rétturinn tekur mið af starfsreglum sjóðsins á hverjum tíma og fylgir félagsmanninum út æviskeiðið sem hlutfall af fullum útfararstyrk.

• Fyrning bótaréttar úr sjúkrasjóði:

Sé styrkja úr sjúkrasjóði ekki vitjað innan 12 mánaða frá því að til kostnaðar var stofnað fyrnast greiðslur úr sjóðnum.

• Lögfræðiaðstoð:

Framsýn er með samning við Pasta lögmenntun um þjónustu við félagsmenn á sérstökum kjörum. Þurfi félagsmenn á lögfræðiþjónustu að halda er þeim velkomnið að leita til Pacta með sín mál. Þessi réttur gildir út æviskeiðið.

Reglur þessar taka að fullu gildi um næstu áramót.



Kraftmikið fólk á þingi SGS

Þing Starfsgreinasambands Íslands fór fram á Akureyri í mars. Fimm fulltrúar sátu þingið á vegum Framsýnar en þingið stóð yfir í þrjá daga. Þingið fór nokkuð vel fram en ljóst var í aðdraganda þingsins að átök yrðu um kjör í æðstu stöður í sambandinu sem kom á daginn. Vilhjálmur Birgisson formaður Verkalýðsfélags Akraness náði kjöri sem formaður sambandsins og þá náði formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni, góðri kosningu í framkvæmdastjórn sambandsins. Nokkrir reyndir formenn náðu ekki kjöri í framkvæmdastjórn sem vissulega vakti töluverða athygli. Þá vakti jafnframt athygli að Sólveig Anna Jónsdóttir formaður Eflingar náði ekki kjöri í framkvæmdastjórn þrátt fyrir að Efling sé lang stærsta stéttarfélagið innan Starfsgreinasambandsins. Fyrir liggur að ákveðin félög innan sambandsins unnu gegn því að hún kæmist í framkvæmdastjórn, vissulega er það veikleikamerki að formaður eins fjölmennasta stéttarfélags landsins sé ekki í framkvæmdastjórn sambandsins en svona er lýðræðið.



Mikið fjör og spurt út í allt milli himins og jarðar

Fjörugur hópur frá Vinnuskóla Norðurlands kom í heimsókn til stéttarfélaganna til að kynna sér réttindi verkafólks á vinnumarkaði og starfsemi stéttarféлага. Eins og áður hefur komið fram eru starfsmenn stéttarfélaganna á Húsavík ávallt tilbúnir að taka á móti góðum gestum sem vilja fræðast um málefni stéttarféлага auk þess að koma í heimsóknir með fræðslu á vinnustaði eða í skóla á svæðinu.



Gefa í meðferðarstól

Framsýn og Þingið hafa ákveðið að taka þátt í kaupum á meðferðarstól fyrir þá sem þurfa að fara í krabbameinsmeðferð á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Því miður greinast alltof margir félagsmenn stéttarfélaganna með krabbamein á hverju ári og þurfa því að gangast undir lyfjameðferðir. Þá kemur stól sem þessi að góðum notum.



Sumarferð stéttarfélaganna -Skráning stendur yfir-

Sumarferð stéttarfélaganna í ár verður farin laugardaginn 20. ágúst. Farið verður með rútu frá Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík kl. 09:00 og komið heim aftur síðdegis sama dag. Á leiðinni verða þeir teknir upp í rútna sem það vilja og skráðir eru í ferðina góðu.

Að þessu sinni verður boðið upp á göngu- og sögu ferð í Bárðardal sem tekur um þrjá tíma. Um er að ræða ferð með Skjálfafljóti undir leiðsögn Guðrúnar Tryggvadóttur. Gengið verður frá bílastæði skammt innan við Stórutungu og þaðan rölt eftir þægilegri slóð út í Aldey, eftir henni upp að Aldeyjarfossi og Ingvararfossum. Farið til baka merka leið sem liggur eftir gömlum, vel grónum farvegi fljótsins og er einstaklega falleg. Sannkölluð ævintýraferð um sérstæða náttúruperlu, þar sem farið verður til að njóta. Að venju verður grillað í lok ferðar, að öðru leiti þurfa menn að nesta sig sjálfir. Um er að ræða fremur auðvelda gönguleið sem ætti að vera við flestra hæfi. Þátttökugjaldið er kr. 5.000,- fyrir félagsmenn og gesti þeirra. Skráning í ferðina er hafin og stendur til 10. ágúst á Skrifstofu stéttarfélaganna, þar er einnig hægt að fá frekari upplýsingar um ferðina.

Varðandi skráninguna er hægt að skrá sig í síma 4646600 eða með því að senda skilaboð á netfangið kuti@framsyn.is.



Sjómenn heiðraðir á Sjómannadaginn

Heiðrun sjómanna fór fram í Hlyn, félagsaðstöðu eldri borgara, á Sjómannadaginn. Að þessu sinni voru sjómennirnir Hreinn Jónsson og Aðalsteinn Ólafsson heiðraðir fyrir áratuga sjómennsku auk þess sem eiginkonur þeirra fengu blómvönd að gjöf frá Sjómannadeild Framsýnar sem sá um heiðrunina. Það var Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar sem flutti ávarp við heiðrunina og gerði samkomunni grein fyrir lífshlaupi þeirra félaga til sjós. Ávarpið er meðfylgjandi fréttinni. Auk Aðalsteins Árna kom formaður Sjómannadeildar Framsýnar að heiðruninni, Jakob Gunnar Hjaltalín. Fjölmenni var á samkomunni en Félag eldri borgara á Húsavík og nágrenni sá um kaffiveitingar sem voru glæsilegar í alla staði.

Ágæta samkoma!

Ég vil byrja á því að óska sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn og reyndar okkur öllum þar sem við flest tengjumst sjómennskunni á einn eða annan hátt. Hefð er fyrir því hér á Húsavík að halda Sjómannadaginn hátíðlegan og heiðra húsvíska sjómenn fyrir vel unnin störf. Sjómannadeild Framsýnar hefur séð um heiðrunina undanfarin ár. Með mér hér í dag er Jakob Gunnar Hjaltalín formaður deildarinnar. Því miður hefur heiðrunin fallið niður síðustu tvö ár sem tengist heimsfaraldri og ástæðulaust er að nefna hér frekar og flestir vilja gleyma. Hetjur hafsins sem við ætlum að heiðra hér í dag eiga það sameiginlegt að hafa helgað sig sjómennskunni frá unglingsárum, nánast út æviskeiðið. Þeir byrjuðu báðir ungir að árum að upplifa stemninguna neðan við Bakkann sem var einstök á þeim tíma. Þar iðaði allt af lífi. Beitt var í flestum skúrum, ef menn voru ekki að beita voru þeir að fella net eða stokka upp bjóð. Það hjálpuðust allir að í þá daga, bæði ungir sem aldnir. Það var ekki í boði að sitja hjá. Þetta eru félagarnir, Aðalsteinn Ólafsson og Hreinn Jónsson sem eru vel að því komnir að vera heiðraðir hér í dag.

Hreinn Jónsson:

Hreinn Jónsson eða Dilli eins og hann er oftast kallaður er fæddur á Húsavík 16. desember 1946, nánar tiltekið á Torginu. Foreldrar hans voru Álfheiður Eðvaldsdóttir og Eysteinn Gunnarsson, sem gekk honum í föðurstað. Hreinn er kominn af mikilli sjómanna fjölskyldu. Það kom því ekki á óvart að hann byrjaði ungur að árum að sniglast í beitningaskúrunum neðan við Bakkann. Á sínum langa sjómansferli hefur Hreinn stundað sjómennsku og útgerð, auk þess að stýra fiskvinnslu í landi. Á þessum tíma, þegar Hreinn var mjög ungur, átti faðir hans ásamt öðrum Hrönnina TH 36 sem þótti nokkuð mikill bátur á þeim tíma, enda um 15 tonn. Þetta voru þeir Siggí Stísi og Aggí í Skuld. Það var stíft róið á Hrönn og einhverjar ákúrir fengu þeir fyrir að virða ekki daga sem öðrum þóttu heilagir. Allar vinnandi hendur komu að góðum notum og þar brást Hreinn ekki. Hann



byrjaði á því að vinna í landi við bátinn þegar færi gafst til þess, þar til hann þótti gjaldgengur til sjós á sumarvertíð. Þórarinn Vigfússon eða Tóti í Jörfa var þá með bátinn.

Hreinn vildi skoða sig aðeins um og fór til Norðfjarðar um tíma þegar hann var 16 ára gamall. Þar byrjaði hann að vinna í landi í fiski áður en hann réði sig á Stefán Ben NK, sem var um 150 tonna bátur gerður út á línu, þorskanet og síld.

En hugurinn leitaði aftur heim. Hann réði sig hjá Kalla í Höfða á Sæborgina ÞH 55 sem gerð var út á snurvoð, áður en hann réði sig á Pétur Jónsson ÞH 50 sem gerður var út frá Sandgerði yfir vetrarvertíðina. Í brúnni stóð Tóti í Jörva. Hreinn var einnig á Pétri Jónssyni ÞH á síldarvertíð yfir sumarið.

Eftir um ársveru á Pétri Jónssyni ÞH hélt Hreinn yfir til Vestmannaeyja, þar sem hann munstraði sig á Eyjabergíð VE 130, sem var tæplega 100 tonna stálbátur gerður út á net og fiskitroll.

Hreinn hefur verið heppinn til sjós í gegnum tíðina, samt sem áður var hann um borð í Eyjaberginu þegar báturinn strandaði á Faxakerinu við Vestmannaeyjar árið 1966, mannbjörg varð en báturinn eyðilagðist. Hreinn var þá tvítugur að aldri.

Nú skyldi haldið heim til Húsavíkur, þangað sem Hreinn fór og réði sig hjá Útgerðarfélaginu Vísi. Þar átti hann góða tíma í nokkur ár á bátum Vísis, þeim Svani ÞH 100 og Sigþóri ÞH 100 með Ingvari Hólmgeirssyni skipstjóra og Hörður Þórhallsson stóð vaktina í landi. Hreinn var ekki bara á sjó heldur beitti hann í landi auk þess að taka til hendinni í fiskverkun sem Vísir rak um tíma.

Hreinn stundaði um tíma útgerð frá Húsavík annars vegar með þeim bræðrum Viðari og Guðmundi Eiríkssonum sem gerðu út bátinn Eirík ÞH, sem var 12 tonna bátur og hins vegar með Kristjáni bróður sínum og Eymundi Kristjánssyni sem gerðu út trilluna Sjóbirting ÞH. Bátarnir voru gerðir út á línu og handfæri.

Þegar þarna var komið ákvað Hreinn að flytja suður og að sjálfsgöðu réði hann sig á bát, reyndar urðu þeir nokkrir

auk þess sem hann beitti einnig í landi. Þetta voru bátarnir Ægir Jóhannsson ÞH, Sigrún GK og Snæfari ÞH.

Það má Hreinn eiga, að hann hefur sem betur fer, alltaf skilað sér aftur heim eftir að hafa farið á vertíðir víða um land. Eftir nokkra ára dvöl á höfuðborgarsvæðinu flutti Hreinn aftur heim til Húsavíkur og réði sig hjá Ugga fiskverkun ehf. sem var með útgerð og fiskvinnslu, það er hjá Ólafi Sigurðssyni. Hann byrjaði á því að sjá um fiskvinnsluna í landi áður en hann fór aftur á sjó á báta í eigu útgerðarinnar, nú síðast var hann á Haferninum ÞH 26 sem er skráður um 30 tonna stálbátur. Bátarnir í eigu Ugga voru aðallega gerðir út á snurvoð, net, línu og rækjutroll. Þegar Hreinn varð sjötugur fyrir nokkrum árum, batt hann Haförninn ÞH í síðasta sinn við bryggju og gekk stoltur frá borði eftir áratuga veru til sjós.

Eins og fram hefur komið á Hreinn farsælan og giftusamlegan ferill sem sjómaður við Íslandsstrendur, sem ber að virða.

Hreinn er giftur Svanhildi Þorleifsdóttur og búa þau á Húsavík. Saman eiga þau fimm börn, en þau voru bæði gift áður.

Hreinn, hafðu bestu þakkir fyrir framlag þitt til samfélagsins í gegnum tíðina.

Aðalsteinn Ólafsson:

Aðalsteinn Ólafsson eða Alli eins og hann er oftast kallaður er fæddur á Húsavík 31. mars 1953. Foreldrar hans voru Ásgerður Júlíusdóttir og Ólafur Jón Aðalsteinsson. Aðalsteinn er giftur Huldu Sigríði Ingadóttir og eru þau búsett á Húsavík. Þau eiga fjögur börn.

Aðalsteinn stóð vart fram úr hnefa þegar hann byrjaði að venja komur sínar niður á bryggju. Alli bjó sem barn í Brún á Höfðaveginum og því var mjög stutt að fara niður í fjöru. Reyndar ber mörgum saman um að fjaran hafi verið, hér á árum áður, helsta leiksvæði barna og unglinga á Húsavík. Faðir Aðalsteins var sjómaður og útgerðarmaður um tíma, en síðar starfaði hann sem hafnarvörður. Þegar Alli var um sjö ára gamall byrjaði hann að fara í róðra með föður sínum á Sæborginni ÞH 55 sem hann gerði út ásamt félögum sínum. Fyrir fermingu var Alli byrjaður að stokka upp bjóð en fljótlega upp úr því fór hann að beita, þrátt fyrir að hugur hans leitaði frekar út á sjó.

Draumurinn varð að veruleika haustið 1969 en þá réði hann sig sem háseta á Sæborgina ÞH með Aðalsteini frænda sínum Karlssyni skipstjóra, þá 15 ára gamall. Gert var út á línu og þorskanet.

Alli var þar í nokkur ár þar til hann fór á Svaninn ÞH 100 frá Húsavík með skipstjóranum Ingvari Hólmgeirssyni. Þar var hann í þrjú ár eða til ársins 1976. Svanur ÞH stundaði línu og þorskanet.

Alli söðlaði um og réði sig á togarann Júlíus Havsteen ÞH 1 við komu hans til Húsavíkur, fyrsta skuttogara Húsvíkinga sem var smíðaður á Akranesi og afhentur Útgerðarfyrirtækinu Höfða árið 1976. Togarinn var tæplega 300 brúttórumlestir að stærð. Reyndur skipstjóri frá Akureyri,

Benjamín S. Antonsson, var fenginn til að vera með skipið. Um borð í Júlíusi var Alli bæði háseti og bátsmaður. Hann stökk á milli togara í eigu Höfða hf. Þegar nýr togari í eigu útgerðarfyrirtækisins kom til Húsavíkur vorið 1981, smíðaður í Slippstöðinni á Akureyri. Togarinn sem var um 430 brúttórumlestir fékk nafnið Kolbeinsey ÞH 10. Flestir úr áhöfn Júlíusar Havsteen fylgdu Alla yfir á nýja togarann þar sem hann hélt sínu starfi sem háseti og bátsmaður. Bæði Júlíus og Kolbeinsey voru gerð út á fiskitroll.

Eftir góða tíma á Kolbeinsey ÞH fór hann aftur um borð í Júlíus Havsteen ÞH, það er eftir að skipinu var breytt í frystitogara. Skipstjóri var Jóhann Gunnarsson sem Alli kunni vel að meta. Togarinn var gerður út á rækjutroll og frysti aflann um borð.

Árið 1989 var kominn tími á breytingar, Alli fór suður til Reykjavíkur og réði sig á fjölveiðiskipið Helgu RE 49 með skipstjóranum Geir Garðarssyni. Þar var hann í þrettán ár á fjórum skipum með sama nafni í eigu sömu útgerðar sem háseti og bátsmaður.

Áður en hann kom aftur heim til Húsavíkur réði hann sig um tíma á Röstina SK 17 sem gerð var út á rækju frá Sauðárkróki. Þingeyingurinn Jón Árni Jónsson var í brúnni. Eftir stutta veru á Krók var kominn tími á breytingar. Alli hélt heim til Húsavíkur og réði sig hjá hvalaskoðunarfyrirtækinu Gentle Giants árið 2005 og síðar Norðursiglingu þar sem hann starfar í dag sem skipstjóri, en þar hefur hann reyndar verið allt frá því að hann réði sig á hvalaskoðunarbáta frá Húsavík.

Í stað þess að halda út á Skjálvandann á fiskiskipum í aflaleit stendur Alli nú keikur í brúnni á hvalaskoðunarbát. Hann leysir landfestar og tekur stefnuna út á Skjálvandann flesta daga með drekkhlaðinn bát af áhugasömum ferðamönnum frá flestum heimsálfum í leit að ævintýrum þar sem sjöfuglar fljúga yfir bátum og hvalir af öllum stæðum og gerðum heilsa með blæstri, auk þess að leika listir sínar við bátana við mikinn fögnuð gestanna. Vissulega er það ólýsanleg upplifun fyrir karlinn í brúnni að líða um hafflötin við heimskautsbaug, um borð í fallegum íslenskum eikarbát, umkringdur hvölum, fuglalífi og ægifagurri náttúru. Ekki skemmir fyrir að um borð eru ferðamenn sem eiga ekki til orð til að lýsa upplifuninni og fegurðinni á Skjálfanda, þökk sé mönnum eins og Aðalsteini Ólafssyni sem átt hefur farsælan feril til sjós hvort heldur á fiskiskipum eða hvalaskoðunarbátum auk þess sem hann var um tíma formaður Sjómannadeildar Verkalýðsfélags Húsavíkur. Aðalsteinn hafðu líkt og Hreinn bestu þakkir fyrir framlag þitt til samfélagsins í gegnum tíðina. Ykkar framlag er ómetanlegt.

Heiðursmenn, viljið þið koma hér ásamt eiginkonum Svanhildi og Huldu Sigríði og taka við örlitilli viðurkenningu fyrir ykkar frábæra starf í gegnum tíðina í þágu lands og þjóðar. Með mér er Jakob Gunnar Hjaltalín formaður Sjómannadeildar Framsýnar sem mun veita ykkur viðurkenningarnar.

Félagi Jóhannes fallinn frá

Jóhannes Sigurjónsson ritstjóri frá Húsavík lést á Landspítalanum við Hringbraut 9. júní, 68 ára að aldri. Jóhannes var fæddur í Bolungarvík 16. febrúar 1954 en flutti til Húsavíkur 1957 þar sem hann bjó að mestu til æviloka. Hann var sonur hjónanna Herdísar Guðmundsdóttur og Sigurjóns Jóhannessonar, næstelstur í hópi sex systkina. Jóhannes lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Tjörn 1974 og stundaði nám í ensku og íslensku við HÍ 1974–1978. Hann starfaði sem blaðamaður og ritstjóri á Húsavík samfelld frá 1979 þar til hann lét af störfum 2020. Hann var einn af stofnendum Víkurblaðsins á Húsavík sem hóf göngu sína 1979 og kom út samfelld til 1996. Hann var um skeið blaðamaður á Degi þar til hann tók við ritstjórn Skarps 2002. Jóhannes sat í stjórn Samtaka bæjar- og héraðsfréttablaða 1991–1992 og var virkur í starfi félagsins um langt skeið. Eftir Jóhannes hafa komið út þrjú kver af Sönnum þingeyskum lygasögum auk ljóðabókar. Þá skrifaði hann nokkur leikrit, söngtexta, greinar og viðtöl í ýmis tímarit og bækur.



Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum minnst Jóhannesar af miklum hlýhug. Hann var mjög áhugasamur um framgang svæðisins og skrifaði oftast en ekki um starfsemi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum. Hann var fyrir það jákvæða í samfélaginu og var duglegur að draga það fram í umræðuna. Það var alltaf gott að leita til Jóhannesar með að taka að sér verkefni fyrir stéttarfélaginn sem tengdust útgáfu á vegum félaganna. Frá árinu 1979 hefur Jóhannes sem blaðamaður og ritstjóri skráð söguna við Skjálfanda með skrifum í blöð, bækur og tímarit. Um er að ræða dýrmætar heimildir sem eiga eftir að varðveitast til komandi kynslóða, þökk sé þessum snjalla penna og hagrýðingi. Blessuð sé minning Jóhannesar Sigurjónssonar.

Baráttufundur á Akureyri

Stefna félag vinstri manna á Akureyri stóð fyrir baráttufundi á Hótel KEA þann 1. maí fyrir hádegi. Aðalræðumaður dagsins var formaður Framsýnar, Aðalsteinn Árni Baldursson. Auk þess var boðið upp á fjölbreytta dagskrá við allra hæfi, söng, upplestur og þá flutti Ólafur Þ. Jónsson, fyrrverandi vitavörður ávarp þar sem hann kom m.a. inn á mikilvægi samstöðunnar í íslenski verkalyðsbaráttu. Vel var mætt á fundinn sem var til mikillar fyrirmyndar.



Uppsagnir á HSN til umræðu

Fjölmiðlar fjölluðu töluvert í vor um ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Norðurlands að bjóða út ræstingar og þrif á vegum stofnunarinnar á Norðurlandi þar á meðal á Húsavík. Breytingunum hefur þegar verið hrint í framkvæmd þar sem einkafyrirtæki hefur tekið við þrifunum á stofnuninni á Húsavík. Málið var til umræðu í stjórn Framsýnar á sínum tíma auk þess sem fundað var með viðkomandi starfsmönnum og stjórnendum HSN. Framsýn krafðist þess að uppsagnirnar yrðu dregnar til baka. HSN taldi sig ekki getað orðið við þeirri ósk. Í kjölfarið samþykkti Framsýn að senda frá sér svohljóðandi ályktun enda óviðeigandi með öllu að alltaf skuli vera ráðist að þeim lægst launuðu þegar hagræða á í rekstri stofnanna.

„Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar fordæmir þá ákvörðun Heilbrigðisstofnunar Norðurlands (HSN) að bjóða út ræstingar á vegum stofnunarinnar á Norðurlandi. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum er um að ræða viðbrögð stjórnenda við fjárhagsvanda HSN.

Hvað það varðar er athyglisvert að verða vitni að því að stjórnendur HSN hyggist taka á hallarekstrinum með því að setja krumlurnar í vasa þeirra lægst launuðu hjá stofnuninni. Þannig verði hægt að halda úti eðlilegri heilbrigðisþjónustu fyrir skjólstæðinga stofnunarinnar, það er með því að segja ræstingafólkinu upp störfum.

Stjórn og trúnaðarráð Framsýnar dregur verulega í efa að útreikningur HSN sé réttur hvað varðar sparnað stofnunarinnar við að bjóða ræstingarnar út. Félagið hefur þegar óskað eftir upplýsingum frá HSN um útboðið og jafnframt fallið Hagdeild ASÍ að yfirfara gögnin. Þess er vænst að Framsýn fái aðgang að gögnunum til að sannreyna framkomnar upplýsingar frá HSN um sparnað og upplýsingar um hvort/hvaða frekari sparnaðartillögur eru fyrirhugaðar.“



Fékkst þú launahækkun 1. apríl?

Búið er að uppfæra launatöflur á heimasíðu stéttarfélaganna fyrir félagsmenn aðildarféлага Skrifstofu stéttarfélaganna. Afar mikilvægt er að félagsmenn stéttarfélaganna fylgist vel með því að hagvaxtaraukinn sem kom til 1. apríl hafi skilað sér til þeirra í launaumslagið. Launatöflur hækkuðu almennt um kr. 10.500,- á mánuði og almenn laun til þeirra sem ekki taka laun eftir launatöflum hækkuðu um kr.7.875,- frá sama tíma.

Útskrift hjá ÞÞ

Föstudaginn 29. apríl voru útskrifaðir 18 nemendur af leikskólaliða- og stuðningsfulltrúabru sem haldin var á vegum Þekkingarnets Þingeyinga. Nemendahópurinn lauk tveggja ára námi en brautin er skipulögð sem nám með vinnu og er námið svo kölluð brú sem er sérstaklega ætluð fólki með langa starfsreynslu og margra ára námskeiðsferil að baki. Námið hófst haustið 2020 og fengu nemendur og skipuleggjendur að finna fyrir heimsfaraldri. Loturnar voru að hluta til rafrænar og kennarar, nemendur og verkefnastjórar fengu allir Covid. Það hafðist að klára námið og aldrei þurfti að fella niður tíma og útskrifaðist hópurinn á réttum tíma. Útskriftarnemar voru mjög ánægðir með námið og telja að það muni skila sér í bættri stöðu þeirra hvað varðar aukna þekkingu og færni til að takast á við fjölbreyttari verkefni. Á myndinni er hópurinn ásamt Þóri Aðalsteinssyni og Anítu Jónsdóttur kennurum og Ingibjörgu Benediktsdóttur verkefnastjóra símenntunarsviðs. Stéttarfélagin óska þessum frábæru útskriftarnemum, sem flestir eru í Framsýn og Starfsmannafélagi Húsavíkur, til hamingju með árangurinn. Þá er afar ánægjulegt að Þekkingarnet Þingeyinga standi fyrir námi sem þessu, það er að gefa fólki á vinnumarkaði tækifæri á að sækja sér menntun við þeirra hæfi.



Frambjóðendur óska eftir góðu samstarfi

Það var virkilega ánægjulegt að frambjóðendur frá öllum þeim framboðum sem voru í kjöri til sveitarstjórnar Norðurlands skyldu gera sér ferð til stéttarfélaganna fyrir kosningarnar til að fræðast um áherslur félaganna í sveitarstjórnarmálum. Þetta voru reynsluboltarnir frá Framsókn, unga og efnilega fólkið úr forystusveit VG og Samfylkingarinnar, sameinaðir sjálfstæðismenn og forystusveit M-listans sem líkt og hin framboðin hefur sterkar skoðanir á málefnum sveitarfélagsins og hvað betur megi fara í rekstrinum. Stéttarfélagin þakka frambjóðendum fyrir komuna með ósk um gott samstarf á komandi kjörtímabili. Það á einnig við um nýja og ferska sveitarstjórn Þingeyjarsveitar.

Guðný Hrund í stjórn Lsj. Stapa

Ársfundur Lsj. Stapa fór fram í Hofi á Akureyri í byrjun júní. Að venju var kosið í stjórn sjóðsins. Framsýn samþykkti að tilnefna Guðnýju Hrund Karlsdóttir í stjórn sjóðsins til tveggja ára fh. sjóðfélaga í Þingeyjarsýslum en hún er félagsmaður í Framsýn. Guðný Hrund er viðskiptafræðingur (Cand. Oecon) að mennt með viðbótar MA gráðu í fjölmiðla- og boðskiptafræðum. Hún hefur fjölbreytta reynslu frá einkageiranum og hinu opinbera. Guðný Hrund er stofnandi og framkvæmdastjóri bókhalds- og ráðgjafafyrirtækisins Tvíhliða bókhald ehf. og situr í stjórn Íslandspósts. Hún var sveitarstjóri á Raufarhöfn 2002-2006 og í Húnaþingi Vestra 2014-2019. Áður starfaði hún hjá Streng hf., Maritech og WiseDynamics í Reykjavík, Akureyri, Noregi og Kanada sem viðskipta- og verkefnastjóri við innleiðingu viðskiptahugbúnaðar viðskiptavina í Evrópu, Kanada og Bandaríkjunum. Guðný Hrund hefur sinnt fjölmörgum trúnaðar- og ábyrgðastöðum m.a. í stjórn Hafnarsambands Íslands, Eignarhaldafélags Brunabótafélags Íslands, Fallorku, Nýsköpunarsjóð Atvinnulífsins og sem formaður stjórnar Ábyrgðarsjóðs launa. Faðir Guðnýjar Hrundar er Karl Steinar Guðnason fyrrverandi formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur í um tvo áratugi og varaformaður Verkamannasambands Íslands. Móðir Guðnýjar er Þórdís Þormóðsdóttir félagsráðgjafi.



Kynning fyrir HSN

Framsýn svaraði kalli Heilbrigðisstofnunar Norðurlands með að halda kynningu á kjarasamningum og lögum er tengjast kjörum starfsmanna HSN á Húsavík. Aðalsteinn J. Halldórsson tók að sér að sjá um kynninguna fyrir Framsýn en hún var ætluð nýliðum sem ráðnir voru til starfa í sumar hjá stofnuninni. Eins og áður hefur komið fram er til fyrirmyndar þegar stofnanir og fyrirtæki kalla eftir kynningu frá stéttarfélagunum á réttindum og skyldum starfsmanna. Stéttarfélagin eru ávallt reiðubúin að koma með slíka fræðslu inn á vinnustaði.



Velheppnuð hátíðarhöld

Hátíð stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum 1. maí fór vel fram í alla staði. Á þriðja hundrað manns lögðu leið sína í höllina. Fjölmargin listamenn komu fram og skemmtu gestum. Þá vakti ræða formanns Framsýnar töluverða athygli og sáu helstu fjölmiðlar landsins ástæðu til að fjalla um hana. Ástæða er til að þakka öllum þeim sem komu fram á hátíðinni fyrir þeirra framlag, fulltrúum stéttarfélaganna sem lögðu á sig töluverða vinnu við undirbúning og frágang hátíðarhaldanna sem og Völsungi fyrir að leggja til vinnuafli við uppsetningu hátíðarinnar og frágang eftir velheppnuð hátíðarhöld. Athygli vakti að töluvert færri sóttu hátíðina í ár en verið hefur undanfarin ár. Um 500 gestir hafa að meðaltali tekið þátt í hátíðarhöldunum á undanförunum árum. Reyndar ber að geta þess að óskir komu fram frá félagsmönnum sem ekki gátu sótt samkomuna vegna veikinda eða að öðrum ástæðum að henni yrði streymt. Orðið var við þeirri ósk og vitað er að fjölmargin nýttu sér þann möguleika. Sem dæmi má nefna að heimilisfólkið á Hvammi, heimili aldraðra á Húsavík safnaðist saman og horfði á streymið frá samkomunni. Stéttarfélagin þakka öllum þeim sem lögðu leið sína í höllina fyrir komuna. Meðfylgjandi eru myndir frá samkomunni.



Samningaviðræður þokast hægt

Undanfarnar vikur og mánuði hafa staðið yfir viðræður milli Starfsgreinasambands Íslands annars vegar og Umhverfisstofnunar, Vatnajökulsþjóðgarðs og Þjóðgarðsins á Þingvöllum hins vegar um gerð stofnanasamnings skv. 11. kafla kjarasamnings ríkisins og Starfsgreinasambands Íslands sem undirritaður var 6. mars 2020. Formaður Framsýnar hefur tekið þátt í þessum viðræðum enda hópur félagsmanna sem fellur undir þennan stofnanasamning. Því miður hafa viðræðurnar ekki gengið allt of vel og því hefur ekki tekist að klára samninginn. Næsti fundur er áætlaður í byrjun september.



Mikilvægt að skoða yfirlit og launaseðla

Full ástæða er til að hvetja launafólk til að skoða launaseðlana sína vel sem í flestum tilvikum eru orðnir rafrænir sem og yfirlit um séreignasparnað. Því miður hefur borið á því að launaseðlar séu rangir, atvinnurekendur gleymi t.d. að nýta persónuafslátt viðkomandi starfsmanna, gleymi að hækka orlofsprósentuna og starfsmenn séu á vitlausum launum. Þá hefur einnig borið á því að kjarasamningsbundnum séreignasparnaði sé ekki að skilað til vörsluaðila sem í flestum tilfellum eru líffeyrissjóðir og/eða fjármálastofnanir. Því er full ástæða til að hvetja félagsmenn stéttarfélaganna til að yfirfara sína launaseðla reglulega enda ekki síður á þeirra ábyrgð að tryggja að hlutirnir séu í lagi þar sem oftast er um að ræða mistök hjá viðkomandi fyrirtækjum.

ASÍ-UNG fundaði í Hvalfirði

ASÍ-UNG stóð nýlega fyrir Fræðslu- og tengsladögum á Icelandair Hótel Hamri í Borgarfirði. Málafni ungs fólks í verkalýðshreyfingunni var til umræðu þessa tvo daga sem fundurinn stóð yfir. Framsýn átti frábæra fulltrúa á fundinum, það voru þær Sunna Torfadóttir og Guðmunda Steina Józefsdóttir sem báðar eru stjórnarmenn í Framsýn-ung. Meðfylgjandi mynd var tekin þegar þær fóru suður á fundinn frá Skrifstofu stéttarfélaganna. Framsýn vill nota tækifærið og skora á ungt fólk að gefa kost á sér í stjórn Framsýnar-ung. Um er að ræða öflugt og gefandi starf fyrir fólk á vinnumarkaði sem er innan við 35 ára aldur.



Heilsað upp á starfsmenn Nettó

Á vordögum gerði formaður Framsýnar sér ferð til að funda með starfsmönnum Nettó á Húsavík. Fundurinn var málefnalegur og góður. Umræður urðu um starfsmhverfi starfsmanna almennt í verzlunum og álagið sem verið hefur á starfsmönnum á Covid tímum. Á krefjandi tímum hafa starfsmenn gert sitt besta til að þjóna viðskiptavinnum um leið og þeir hafa þurft að fara varlega vegna heimsfaraldursins til að verja sig og viðskiptavinum. Vissulega hafa starfsmenn þurft að takast á við alls konar aðstæður sem vonandi er séð fyrir endann á nú þegar Covid er á undanhaldi sem betur fer. Síðan er að sjálfsögðu mikilvægt að viðskiptavinir verzlana almennt, sýni starfsmönnum sjálfsagða kurteisi.



Fjölmenni í félagskaffi Framsýnar á Raufarhöfn

Hefð er fyrir því að Framsýn bjóði íbúum Raufarhafnar og nágrennis í kaffi og meðlæti föstudaginn fyrir Sjómannadaginn. Reyndar hefur kaffiboðið fallið niður tvö síðustu ár sem tengist heimsfaraldri. Í ár var síðurinn hins vegar endurvakinn með veislu sem fór vel fram í alla staði. Almenn ánægja er með þetta framtak Framsýnar hjá heimamönnum enda fjölmenntu þeir í kaffið. Á staðnum voru fulltrúar Framsýnar sem tóku vel á móti gestunum og spjölluðu við þá auk þess að þjóna þeim til borðs í Kaupfélaginu á Raufarhöfn en eigendur þess gerðu allt til að gera umgjörðina sem glæsilegasta. Ástæða er til að þakka þeim fyrir móttökurnar og íbúum á svæðinu fyrir komuna. Þá má ekki gleyma kvenfélagskonum á Raufarhöfn sem lögðu til dýrindis tertur sem gestirnir kunnu vel að meta. Við látum myndirnar tala sýnu máli.



Heimasíða stéttarfélaganna – þar sem nálgast má upplýsingar um réttindi félagsmanna úr sjóðum félagsins

Aðalfundur Þingiðnar fór vel fram

Aðalfundur Þingiðnar fór fram 14. júní. Fundurinn fór vel fram og urðu góðar umræður á fundinum um málefni félagsins og komandi kjaraviðræður við Samtök atvinnulífsins. Samþykkt var að stórhækka greiðslur til félagsmanna úr sjúkrasjóði félagsins. Fundurinn samþykkti jafnframt að skýra betur réttindi félagsmanna við starfslok. Þá var ákveðið að taka þátt í kaupum á meðferðarstól fyrir þá sem eru í krabbameinsmeðferð á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Fullgildir félagsmenn í Þingið 31. desember 2021 voru 111, það er greiðandi félagar, öryrkjar og aldraðir sem áður greiddu til félagsins. Greiðandi félagsmenn voru 101. Félagsmönnum fjölgaði verulega meðan á framkvæmdunum stóð en hefur heldur fækkað frá þeim tíma sem á sínar eðlilegu skýringar enda framkvæmdum að mestu lokið í dag. Töluvert hefur verið um nýbyggingar á svæðinu undanfarið sem hefur tryggt gott atvinnuástand meðal iðnaðarmanna. Reyndar er veruleg vöntun á iðnaðarmönnum til starfa á félagssvæði Þingiðnar.

Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2021 námu kr. 14.924.508 sem er 2,35% lækkun frá fyrra ári. Heildartekjur námu kr. 17.642.587 og hækkuðu um 2%. Rekstrargjöld voru kr. 23.773.630 og hækkuðu um 75% frá síðasta ári. Þar ræður mestu bætur og sjúkrastyrkir sem hækkuðu umtalsvert á milli ára. Á árinu 2021 námu þeir kr. 12.485.959, þar af úr sjúkrasjóði kr. 11.396.896, sem er um 267% hækkun frá 2020 og skýrist fyrst og fremst af hærri greiðslum sjúkradagpeninga til félagsmanna. Árið 2021 voru alls greiddir úr sjúkrasjóði 72 styrkir eða sjúkradagpeningar til félagsmanna. Árið áður voru greiddir 41 styrkir.

Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 1.092.593. Heildareignir í árslok voru kr. 262.257.791 og eigið fé nam kr. 251.517.117 og hefur það aukist um 0,44% frá fyrra ári. Rekstur skrifstofunnar gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Þingiðnar í rekstrarkostnaði nam kr. 3.338.243. Farið var í átak í innheimtu félagsgjalda og skilagreina í lok árs 2020 og hluti af því var að fara í samstarf um innheimtu við Motus. Það hefur gefist vel og almennt eru launagreiðendur samviskusamir að skila félagsgjöldum og mótframlögum á réttum tíma. Þeir fáu sem gera það ekki valda þó því að útistandandi iðgjöld hækka verulega á milli ára sem er ákveðið áhyggjuefni.

Ekki voru haldin námskeið á vegum félagsins á síðasta starfsári. Hafi félagsmenn óskir um námskeið eru þeir

vinsamlegast beðnir um að koma þeim til stjórnar eða starfsmanna félagsins. Þá eru dæmi um að félagsmenn fari á eigin vegum á námskeið. Í þeim tilfellum hefur Þingið komið að því að niðurgreiða námskeiðin fyrir félagsmenn í gegnum nýja fræðslusjóðinn sem félagið stofnaði til 2018. Á síðasta ári fengu 5 félagsmenn styrki úr sjóðnum til náms/námskeiða samtals kr. 130.000,-.

Finna má góða umfjöllun um aðalfund Þingiðnar inn á heimasíðu félagsins; framsyn.is



Flugmiðar bara fyrir félagsmenn

Rétt er að ítreka að flugmiðar á sérkjörum stéttarfélaganna; Framsýnar, Þingiðnar og Starfsmannafélags Húsavíkur með flugfélaginu Erni eru einungis til einkanota fyrir félagsmenn. Flugmiðarnir eru ekki fyrir aðra fjölskyldumeðlimi sem ekki eru í stéttarfélagunum. Sama á við um, þurfi menn að ferðast á vegum fyrirtækja eða stofnana. Verði félagsmenn uppvísir af því að misnota flugmiðana fellur réttur þeirra niður til frekari kaupa á flugmiðum á sérkjörum stéttarfélaganna.

Airfare for union members

The three unions, Framsýn, Þingið and Starfsmannafélag Húsavíkur would like to remind all that the special price for airfare with Eagle air is for union members only. The special price is not for other family members unless they are union members also. The same rule applies, if one has to travel on behalf of companies or institutions. If union members brake this rule they forfeit their right to future purchases of union fares with Eagle air.



Góður andi á aðalfundi STH

Aðalfundur Starfsmannafélags Húsavíkur var haldinn 13. júní. Fundarmenn voru ánægðir með öflugt starf félagsins á umliðnu starfsári. Ljóst er að samstarf félagsins við Þingið og Framsýn gerir það að verum að félagið getur haldið úti öflugum starfi þrátt fyrir að félagsmenn séu rúmlega hundrað. Þátttaka í sameiginlegum rekstrarkostnaði við Skrifstofu stéttarfélaganna á síðasta ári var aðeins kr. 2.578.963.



Fullgildir félagsmenn í Stafsmannafélagi Húsavíkur þann 31. desember 2021 voru 112, það er þeir sem greiddu til félagsins 2021. Þess ber að geta að fjöldi virkra félagsmanna STH sem greiddu í félagssjóð í janúar 2022 skv. félagatali í DK voru 81. Félagsmönnum hefur fækkað aðeins milli ára. Félagsgjöld og iðgjöld ársins 2021 námu kr. 13.091.405, en voru kr. 12.882.346 árið á undan.

Rekstrargjöld voru kr. 11.252.700 og lækkuðu því milli ára úr kr. 11.566.093. Fjármunatekjur voru kr. 186.024 samanborið við kr. 192.125 árið á undan. Samkvæmt sameinuðum rekstrar- og efnahagsreikningi nam hreinn tekjuafgangur félagsins kr. 4.559.429, samanborið við kr. 3.605.578 tekjuafgang frá fyrra ári. Heildareignir í árslok voru kr. 75.678.889,- og eigið fé nam kr. 73.313.600 og hefur það aukist um 6,6% frá fyrra ári. Rekstur Skrifstofu stéttarfélaganna gekk vel á síðasta ári. Þátttaka Starfsmannafélagsins í rekstrarkostnaði nam kr. 2.578.963.

Á síðasta ári voru greiddir 23 styrkir til félagsmanna úr sjóðnum til náms/námskeiða samtals kr. 1.159.844,-. Þá fengu félagsmenn greiddar kr. 160.000,- í heilsustyrki frá félaginu.

Á fundinum var einnig gengið frá stjórnarkjöri og kjöri í aðrar nefndir, stjórnir og ráð. Ekki urðu breytingar á stjórn félagsins og er Hermína Hreiðarsdóttir áfram formaður.

Á fundinum kom fram vilji fundarmanna til að skipta um orlofsíbúð, það er að selja íbúð félagsins í Sólheimum og kaupa aðra í Þorrasölum í staðinn þar sem Framsýn og Þingið eiga fyrir 5 íbúðir. Stjórn félagsins fékk umboð fundarins til að fylgja málinu eftir.

Nánari upplýsingar um fundinn er hægt að nálgast á heimasíðu félagsins: framsyn.is.

Samningur undirritaður

Þann 31. mars var gengið frá nýjum sérkjarasamningi milli Framsýnar stéttarfélags og Samtaka atvinnulífsins vegna fyrirtækja sem starfa við hvalaskoðun frá Húsavík. Viðræðurnar fóru fram í Reykjavík og höfðu staðið yfir nokkuð lengi með hléum. Það voru þeir Aðalsteinn Árni formaður Framsýnar og Ragnar Árnason forstöðumaður vinnnumarkaðssviðs Samtaka atvinnulífsins sem skrifuðu undir samninginn. Í samningnum er tekið á öllum helstu atriðum sem viðkoma hvala- og fuglaskoðun á vegum fyrirtækjanna á Húsavík. Þá er einnig kveðið skýrt á um að þeir sem starfa í landi við miðasölu taki mið af kjörum Landssambands íslenskra verslunarmanna og Samtaka atvinnulífsins sem Framsýn á aðild að. Samningurinn um hvalaskoðun er þegar kominn inn á heimasíðu Framsýnar, undir sérkjarasamningar.



Glæpamaður í byssuleik

Það getur enginn setið hjá þegar horft er til hörmunganna í Úkraínu þar sem stríðsglæpamaður í byssuleik heldur heilli þjóð í heljargreipum með skelfilegum afleiðingum. Þjóðir heims verða að koma íbúum Úkraínu sem eru á flótta til aðstoðar. Hvað það varðar hefur Framsýn stéttarfélag komið á framfæri hörðum mót-mælum við rússneska sendiráðið. Félagið hefur jafnframt samþykkt



að leggja söfnun Rauða krossins á Íslandi til kr. 300.000,-. Til viðbótar má geta þess að Framsýn samþykkti að leggja flóttafólki til íbúð á vegum Framsýnar í gegnum hjálparsamtök. Það var vel við hæfi að mæðgur með litið barn á flótta frá Úkraínu flytu inn í eina af íbúðum félagsins á höfuðborgarsvæðinu á alþjóðlegum baráttudegi verkafólks, 1. maí. Framsýn hefur jafnframt skorað á önnur stéttarfélög að bregðast við þessum hörmungum með því að leggja sitt að mörkum til að aðstoða flóttafólk sem leitar til Íslands í skjól undan byssukúlum og sprengjum.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað? Ef ekki, er mikilvægt að kjósa hann þegar í stað



Fræðsla fyrir alla!

Á fræðsluvef Íslandsbanka finnur þú áhugaverð myndbönd, fræðandi greinar, góð ráð og upplýsingar um fræðslufundi

islandsbanki.is/fraedsla

